


KOM 25.01.12

Læknafélag Íslands  
Hlíðasmára 8  
200 Kópavogur



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 24. janúar 2012  
Tilvísun: 2012010096VEL/--

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur mótttekið bréf yðar, dags. 17. janúar 2012. Í bréfi yðar kemur fram að lýtalæknum hafi nýverið borist bréf frá landlækni þar sem þess sé óskað að lýtalæknar sendi embættinu upplýsingar um hvaða konur hafi gengist undir ígræðslu á brjóstafyllingum á Íslandi frá upphafi ársins 2000. Þess sé óskað í þeim tilgangi að búa til eina miðlæga skrá um þessar konur.

Í þessu sambandi bendir Persónuvernd á að sérhver læknir telst ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga um sína sjúklinga, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í því felst meðal annars að hann tekur ákvörðun um ráðstöfun upplýsinganna sem byggist á hans mati.

Áður en Persónuvernd tekur málið til frekari meðferðar þarf að vera skýrt hver sé afstaða Læknafélags Íslands til umræddrar miðlunar svo af megi ráða hvort ágreiningur sé til staðar milli Læknafélagsins annars vegar og landlæknis hinsvegar. Þetta skiptir máli því sé stefnt að úrskurði í málinu ræður það ákvörðun um efnistöð og næstu skref.

Ef fyrir hendi er ágreiningur um framangreint, og Læknafélag Íslands óskar úrskurðar Persónuverndar, er yður hér með veitt færi á að koma að frekari sjónarmiðum vegna málsins.

Er frestur veittur til 6. febrúar næstkomandi.

Virðingarfyllt

Vigdís Eva LÍndal  
lögfræðingur